



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

133. fundur skólanefndar
Fjölbrautaskóla Suðurnesja haldinn fimmtudaginn 14. apríl og
hófst kl. 13.30 í bóknámshúsi skólans.

Fundinn sátu: Guðmundur Björnsson, formaður, Hjálmar Arnason, skólameistari, Eggert Guðmundsson, Jón Gunnarsson, Guðjón Kristjánsson, Ingólfur Halldórsson, aðstoðarskólameistari, Kristinn Kristjánsson, fulltrúi kennara, Böðvar Jónsson, fulltrúi nemenda, Hulda Björk Þorkelsdóttir, fundarritari og átta gestir frá Akureyri, skólameistari, aðstoðarskólameistari og skólanefnd Verkmenntaskólans á Akureyri.

Skólameistari bauð gesti velkomna, kynnti heimamenn, stiklaði á stóru um sögu skólans og starfsemina í skólanum og kynnti hugmyndir um framtíðarskipulag skólans.

Formaður bauð gesti einnig velkomna og skýrði frá störfum nefndarinnar í stuttu máli.

Formaður skólanefndar norðanmanna hafði framsögu fyrir þá, kynnti gesti og rakti tilgang ferðarinnar.

Því næst skoðuðu gestir skólahúsnaðið, bæði bóknám og verknám, í fylgd heimamanna. Fundinum var síðan framhaldið á Glóðinni yfir kaffi og kökum og lauk honum um kl. 17.00.

Guðmundur Björnsson
formaður

Hulda Björk Þorkelsdóttir
fundarritari